

Ársskýrsla Mannréttindaskrifstofu Íslands
Útgefandi: Mannréttindaskrifstofa Íslands

Prentun: Leturprent

Kápu mynd: Sigríður Hulda Sigurðardóttir

Umbrot: Halla Þórey Victorsdóttir

© 2012 Mannréttindaskrifstofa Íslands

ISSN: 1670-8032


Skýrslu þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun, eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án leyfis útgefanda.

Efnisyfirlit

INNGANGUR	2
AÐILDARFÉLÖG OG STJÓRN	3
Aðildarfélög og fulltrúar í stjórn	3
FJÁRMÁL OG REKSTUR	4
Fjármál	4
Starfsmannamál og skrifstofuhald	4
Húsnæðismál	4
Bókasafnið	5
Heimasíða og vefsetur um mannréttindi	5
STARFSEMIN INNANLANDS	6
Aðstoð og upplýsingagjöf	6
Umsagnir um lagafrumvörp og þingsályktunartillögur	6
Samráðsfundir með stjórnvöldum	7
Ráðstefnur og námskeið	7
Fundir og viðburðir	8
Önnur samstarfsverkefni	12
Framlag til funda og málstofa	12
Mannréttindafræðsla	12
Mannréttindakennsluefni	13
Útgefið efni	13
Fjölmiðlar og opinber umræða	14
Styrkir til rannsókna og fleira	14
ERLENT SAMSTARF	16
Human Rights Education Project	16
AHRI - The Association of Human Rights Institutes	16
Sameinuðu þjóðirnar	18
Evrópuráðið	18
Evrópusambandið	19
Norrænt samstarf	19

INNGANGUR

framkvæmdastjóra



Mannréttindaskrifstofa Íslands (MRSÍ) var stofnuð í Almennagjá á Þingvöllum hinn 17. júní 1994. Að MRSÍ standa fjórtán félagasamtök og stofnanir, sem öll vinna að mannréttindum, bæði hér á landi og á heimsvísu. Þau eru: Biskupsstofa, Barnaheill, Háskólinn á Akureyri, Háskólinn í Reykjavík, Hjálparstofnun kirkjunnar, Íslandsdeild Amnesty International, Jafnréttisstofa, Kvenréttindafélag Íslands, Landssamtökin Þroskahjálp, Rauði kross Íslands, Samtökin '78, Siðmennt - félag Siðrænna húmanista, Jafnem á Íslandi og Öryrkjabandalagið.

MRSÍ er óháð, hefur engin tengsl við stjórnmalaflokka eða stefnur og tekur ekki afstöðu til einstakra mála innanlands nema þau snerti mannréttindi sérstaklega. Afstöðu skrifstofunnar til mannréttinda á Íslandi má einkum ráða af umsögnum hennar um einstök lagafrumvörp sem og í skýrslum til ýmissa alþjóðastofnana um stöðu mannréttinda á Íslandi.

Tilgangur MRSÍ er að vinna að framgangi mannréttinda innanlands, jafnt sem á alþjóðlegum vettvangi. Það gerir skrifstofan með því að safna og miðla upplýsingum um mannréttindamál og stuðla að fræðslu og rannsóknum. Skrifstofan gegnir einnig ákveðnu eftirlitshlutverki gagnvart stjórnvöldum sem felst í umsögnum um lagafrumvörp og skýrslugerð fyrir eftirlitsnefndir Sameinuðu þjóðanna og Evrópuráðið. Helstu verkefni síðustu ára eru málþing um mannréttindi, fræðsla í framhaldsskólum, 16 daga átak gegn kynbundnu ofbeldi, Evrópuvika gegn rasisma, aðsvara fyrirspurnum og erindum sem berast frá einstaklingum og stofnunum, innlendum og erlendum, skýrslugerð, umsagnir, uppbygging bókasafns, útgáfa ritraðar, uppbygging og viðhald heimasíðu. Þá kemur MRSÍ fram fyrir Íslands hönd í alþjóðlegu samstarfi, m.a. AHRI (Association of Human Rights Institutes), COST verkefni Evrópusambandsins og í norrænu samstarfi auk þátttöku í alþjóðasamtökum er vinna að ákveðnum málefnum, s.s. UNITED, FIDH og OP-ESCR. Árið 2012 var fjórða árið sem skrifstofan hafði með höndum umsjón með Progress- áætlun Evrópusambandsins um atvinnu og félagslega samstöðu.

Meginþættir starfs skrifstofunnar fyrir utan hefðbundin verkefni á árinu 2012 voru skipulagning fundar með frjálsum félagasamtökum í tengslum við heimsókn Mannréttindafulltrúa Evrópuráðsins til Íslands 8. febrúar, aðild að ráðstefnu um innleiðingu 33. gr. og 4. gr. sáttmála Sp um réttindi fatlaðs fólks, er haldin var í Hörpu 11. október og málþing í samvinnu við Alþjóðasetur og RKÍ um stöðu flóttamanna á Íslandi, sem haldið

var á Alþjóðadegi flóttamanna 20. júní. Unnin var fjöldi umsagna um lagafrumvörp, fyrirlestrahald var nokkuð og ritið „Um réttindi transfólks“, var gefið út í apríl. Unnin var skýrsla til nefndar sem starfar samkvæmt Sáttmála Sp um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi og var framkvæmdastjóri viðstödd fyrirtöku Íslands hjá nefndinni í Genf 21. nóvember. Jafnframt sótti framkvæmdastjóri fund Mannréttindanefndar Sp í Genf 9. og 10. júlí, er Ísland var tekið fyrir vegna Samnings Sp um borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi. MRSÍ tók þátt í undirbúningi fundaraðar sem innanríkisráðuneytið stóð fyrir í tengslum við mótun landsáætlunar í mannréttindamálum og tók jafnframt virkan þátt í fundum um; niðurstöður úr reglulegu allsherjareftirliti með mannréttindum á Íslandi og samning Evrópuráðsins um bann við kynbundnu ofbeldi og heimilisofbeldi, trúfrelsi, hatursáróður, málefni útlendinga utan Evrópska efnahagssvæðisins og sjálfstæða mannréttindastofnun, ýmist með framsöguerindi, setu í pallborði eða fundarstjórn. Framkvæmdastjóri sat í vinnuhópi sem velferðarráðuneytið skipaði um fyrirkomulag réttindagæslu fyrir fatlað fólk, sem og í nefnd sem vann drög að frumvarpi til laga um réttarstöðu fólks með kynáttunarvanda. Þá sat framkvæmdastjóri einnig nokkra fundi Innflytjendaráðs. Framkvæmdastjóri situr einnig í vinnuhópi um búsetuskerðingar og í teymi um málefni innflytjenda. Í árslok 2011, var gerður þjónustusamningur við velferðarráðuneyti um lögfræðiráðgjöf fyrir innflytjendur. Vel hefur tekist til með ráðgjöfina og hefur aðsókn að henni sífellt farið vaxandi. MRSÍ og Fjölmenningssetur fengu einnig styrk frá Innflytjendaráði til rannsóknar á fyrirkomulagi forsjár við skilnað ef annað foreldra er erlent. Skilaði rannsóknin mjög áhugaverðum niðurstöðum og gefur tilefni til frekari rannsókna. Á síðasta ári stóð MRSÍ einnig fyrir auglýsingaherferð í útvarpi til að vekja fólk til vitundar og umhugsunar um mismunun og þá hópa í samfélaginu sem einkum eiga á hættu að verða mismunað, s.s. fatlaða, innflytjendur og samkynhneigða auk þess að halda fræðslufundi um mismunun fyrir frjáls félagasamtök og ýmis félög og stofnanir á vegum ríkis og sveitarfélaga.

Á árinu 2012 fór jafnframt mikil vinna í skipulagningu 16 daga átaks gegn kynbundnu ofbeldi og Evrópuvika gegn kynþáttamisrétti sem hvort tveggja tókst afar vel. MRSÍ hefur skapað sér virðingu og traust fjölmiðla því nær undantekningalaust er leitað til hennar þegar mannréttindamál eru til umfjöllunar.

Margrét Steinarsdóttir framkvæmdastjóri

AÐILDARFÉLÖG

og stjórn

Aðildarfélag og stjórn

Formaður: Bjarni Jónsson

Varaformaður: Halldór Gunnarsson

Gjaldkeri: Uglya Stefanía Jónsdóttir

Framkvæmdastjóri: Margrét Steinarsdóttir

Aðildarfélag og fulltrúar í stjórn eftir aðalfund voru sem hér segir:

Amnesty International Íslandsdeild:

Aðalfulltrúi: Brynhildur G. Flóvenz

Varafultrúi: Jóhanna K. Eyjólfsson

Barnaheill:

Aðalfulltrúi: Guðrún Kristinsdóttir

Varafultrúi: Erna Reynisdóttir

Biskupsstofa:

Aðalfulltrúi: Ragnheiður Sverrisdóttir

Varafultrúi: Toshiaki Toma

Háskólinn á Akureyri:

Aðalfulltrúi: Ágúst P. Árnason

Háskólinn í Reykjavík:

Aðalfulltrúi: Þórunn Ingadóttir

Varafultrúi: Gunnar Þór Pétursson

Hjálparstarf kirkjunnar:

Aðalfulltrúi: Anna M. P. Ólafsdóttir

Varafultrúi: Jónas Þórisson

Jafnréttisstofa:

Aðalfulltrúi: Huguína R. Hjaltadóttir

Varafultrúi: Tryggvi Hallgrímsson

Kvenréttindafélag Íslands:

Aðalfulltrúi: Ragnhildur Guðmundsdóttir

Varafultrúi: Anna Gunnhildur Ólafsdóttir

Rauði krossinn:

Aðalfulltrúi: Sólveig Ólafsdóttir

Varafultrúi: Kristján Sturluson

Samtökin '78:

Aðalfulltrúi: Uglya Stefanía Jónsdóttir

Varafultrúi: Sigurður Júlíus Guðmundsson

Siðmennt - Félag siðrænna húmanista:

Aðalfulltrúi: Bjarni Jónsson

Varafultrúi: Hope Knútsson

UN Women á Íslandi:

Aðalfulltrúi: Inga Dóra Pétursdóttir

Varafultrúi: Regína Bjarnadóttir

Landssamtökin Proskahjálp:

Aðalfulltrúi: Gerður A. Árnadóttir

Varafultrúi: Halldór Gunnarsson

Öryrkjabandalag Íslands

Aðalfulltrúi: Guðmundur Magnússon

Varafultrúi: Lilja Þorgeirsdóttir

FJÁRMÁL

og rekstur

Fjármál

MRSÍ voru veittar 10 milljónir króna úr mannréttindasjóði innanríkisráðuneytis, ásamt því að ráðuneytið veitti skrifstofunni 750 þúsund króna styrk til að vinna skýrslu um hatursáróður. Samstarfssamningur við utanríkisráðuneytið hefur einnig verið skrifstofunni afar mikilvægur sem og styrkur úr PROGRESS-sjóði ESB. Þjónustusamningur við velferðarráðuneyti um lögfræðiráðgjöf fyrir innflytjendur kom starfseminni einnig til góða. Kann skrifstofan ofangreindum aðilum, auk annarra þeirra aðila sem veittu skrifstofunni stuðning á árinu, bestu þakkir fyrir.

Starfsmannamál og skrifstofuhald

Framkvæmdastjóri MRSÍ er Margrét Steinarsdóttir lögfræðingur. Valgerður Björk Pálmadóttir gegndi 80% starfi fram til septemberloka sem verkefnastjóri. Jóna Aðalheiður Pálmadóttir lögfræðingur sem vann áður að ýmsum verkefnum fyrir skrifstofuna, bæði endurgjaldslaust og sem verktaki, hefur verið í fullu starfi á skrifstofunni frá 1. ágúst 2011, en Sara Pálsdóttir lögfræðingur leysti hana af í barnsburðarleyfi frá febrúar til september. Í október tók Halla Pórey Victorsdóttir við stöðu verkefnastjóra í 80% starfi. Um bókhalda skrifstofunnar sér Kolbrún Sigríður Hilmarsdóttir, bókari. Að

vanda barst fjöldi innlendra og erlendra starfsumsóknna og fyrirspurna um möguleika á starfspjálfun. Vorið 2012 var tekið á móti luliönu Kalenikova, lögfræðingi frá Úkraínu, í starfspjálfun. Hefur hún reynst skrifstofunni hinn besti liðsauki í alla staði. Framkvæmdstjóri og stjórn MRSÍ þakka starfsfólki og aðstoðarfólki einstaklega vel unnin störf á árinu og ánægjulegt samstarf.

Húsnæðismál

Mannréttindaskrifstofan hefur haft aðsetur á Hallveigarstöðum, Túngötu 14, frá september 2010. Húsnæðið hentar starfsemi skrifstofunnar að öllu leyti afar vel. Framkvæmdastjóri og starfsfólk hafa nú eigin skrifstofur, fundaraðstaða er góð og í fyrsta sinn í starfsemi skrifstofunnar hefur nú bókasafninu verið komið fyrir í eigin herbergi á viðunandi máta.

Hallveigarstaðir er sjálfseignarstofnun sem er í eigu Bandalags Kvenna í Reykjavík, Kvenfélagsambands Íslands og Kvenréttindafélagsins. Kvennasamtökin í landinu komu saman árið 1917, þegar Bandalag kvenna í Reykjavík var stofnað, og þá töldu konur nauðsynlegt að koma á laggirnar kvennaheimili fyrir kvennasamtök á landinu.

Þetta er fyrst og fremst aðsetur kvennasamtaka í landinu en að öðru leyti til styrktar menningar- og mannúðarstarfssemi, sem kvennasamtök þau, er að eigninni standa, gangast fyrir.



Kvennaheimilið Hallveigarstaðir þar sem Mannréttindaskrifstofa er til húsa við Túngötu 14, 1. hæð í 101 Reykjavík. Bæði staðsetning og aðgengi eru með besta móti og það fer mjög vel um starfsmenn skrifstofunnar enda húsnæðið rúmgott og bjart.

Bókasafnið

Frá stofnun MRSÍ hefur verið unnið að uppbyggingu sérhæfðs bókasafns með fræðibókum, kennsluefni og tímaritum um mannréttindamál, en skrifstofan er áskrifandi að Human Rights Quarterly og greinasöfnunum Hein-on-Line og Questia. Ekkert annað slíkt bókasafn er til á Íslandi en leitað er til skrifstofunnar af sérfræðingum, nemendum og kennurum sem og almenningi eftir efni um mannréttindamál.

Eins og áður segir hefur aðstaða bókasafnsins nú batnað til muna í nýju húsnæði en því hefur verið úbúið séraðstaða með skrifborði sem er öllum opin. Önnur nýjung varðandi starfsemi bókasafnsins er sú að nú má á heimasíðu skrifstofunnar finna leitarvél frá Gegni sem leitar einungis innan bókasafns MRSÍ.

Heimasíða og vefsetur um mannréttindi

Til að auðvelda aðgengi að upplýsingum um mannréttindamál hefur um nokkurt skeið verið unnið að endurbótum á heimasíðu skrifstofunnar og söfnun gagna í umfangsmikinn gagnvirkan gagnagrunn um mannréttindamál á Íslandi og erlendis.

Glæsileg heimasíða skrifstofunnar er sífellt að stækka í sniðum en þar er að finna vefsetur um mannréttindi sem inniheldur meðal annars greinar um ýmsa þætti mannréttinda, greinar um ákveðna samfélagshópa og réttindi þeirra, skýrslur til nefnda og ráðuneyta, innlend lög

og helstu alþjóðasamninga, efni frá Sameinuðu þjóðunum og dóma alþjóðlegra mannréttindadómstóla.

Þá er að finna á síðunni efni úr alþjóðlega rannsóknarverkefni Human Rights Education Project (HREP) auk almennra upplýsinga um mannréttindi á Íslandi. Uppsetningu vefseturs um mannréttindi, Mannréttindi og Ísland, sem styrkt var af Reykjavíkurbild Rauða krossins, er lokið og er það uppfært reglulega.

Á heimasíðunni er einnig að finna upplýsingasíður skrifstofunnar um 16 daga átak gegn kynbundu ofbeldi, Evrópuviku gegn kynþáttamisrétti, PROGRESS-verkefni ársins, Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna, Kvennasáttmálann og vefleikinn Flóttta. Síðurnar eru uppfærðar reglulega og á síðu Evrópuviku gegn kynþáttamisrétti er t.d. verið að safna saman ýmsu fræðsluefni fyrir unglunga og börn um málaflökkinn. Eftirfarandi rit eru aðgengileg á heimasíðunni: Mannréttindi í þrengingum (www.humanrights.is/media/vidburdir/Mannrettindi-i-threngingum-Bok.pdf), Bann við mismunun (<http://www.humanrights.is/bann-vid-mismunun/inngangsord>) og Réttindi transgender fólks á Íslandi (<http://www.humanrights.is/media/greinar/rettindi-transfolks-bokin.pdf>).

Bókasafn Mannréttindaskrifstofu er aðgengilegt á skrifstofunni á Hallveigarstöðum. Á bókasafninu má fá lánaðar bækur og einnig býður aðstaðan upp á skrifborð og stól þar sem hægt er að fá náms- og lestrarnæði.



STARFSEMIN

innanlands

Aðstoð og upplýsingagjöf

Að vanda var mikið leitað til skrifstofunnar af einstaklingum, nemum, sendiráðum, fjölmiðlum og stofnunum eftir upplýsingum um mannréttindamál.

Umsagnir um lagafrumvörp og þingsályktunartillögur

- Umsögn um drög að frumvörpum til laga um Vísindarannsóknir í heilbrigðisviði og breytingar á lögum nr. 110/2000 um lífsýnasöfn, 140. löggjafarþing 2011 - 2012.
- Umsögn um tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks til ársins 2014, 140. Löggjafarþing 2011 - 2012, þingskjal nr. 682 - 440. mál.
- Umsögn um frumvarp til breytinga á lögum nr. 85/2011 um nálgunarbann og brottvísun af heimili, 140. löggjafarþing 2011 - 2012, þingskjal nr. 289 - 267. mál.
- Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, 140 löggjafarþing 2011-2012, 109. mál.
- Umsögn um tillögu til þingsályktunar um fullgildingu Evrópuráðssamnings um vernd barna gegn kynferðislegri misbreytingu og kynferðislegri misnotkun og frumvarp til almennra hegningarlaga (varnir gegn kynferðislegri misnotkun barna), 140. löggjafarþing 2011-2012, þingskjal nr. 417 - 341. og 344. mál.
- Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á barnalögum nr. 76/2003, 140. löggjafarþing 2011-2012, þingskjal nr. 328 - 290. mál.
- Umsögn um frumvarp til laga um málefni innflytjenda, 140. löggjafarþing 2011-2012, þingskjal nr. 857 - 555. mál.
- Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um skráð trúfélög, nr. 108/1999, með síðari breytingum (lífsskoðunarfélög, aðild barna að skráðum trúfélögum og lífsskoðunarfélögum o.fl.), 140. löggjafarþing 2011-2012, þingskjal nr. 771 - 509. mál.
- Umsögn um breytingu á lögum um meðferð sakamála, nr. 88/2008, með síðari breytingum (auknar rannsóknarheimildir lögreglu, 140. löggjafarþing, þingskjal nr. 981 - 662. mál.
- Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum

nr. 19/1940 (eignaupptaka án sakfellingar, 140. löggjafarþing 2011 - 2012, þingskjal nr. 137 - 137. mál.

- Umsögn um tillögu til þingsályktunar um ætlað samþykki við líffæraragjafir, 140. löggjafarþing 2011-2012, þingskjal nr. 730 - 476. mál.
- Umsögn um frumvarp til laga um fjölmiðla, 140. löggjafarþing 2011-2012, þingskjal nr. 935 - 599. mál.
- Umsögn um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir gegn skipulagðri glæpastarfsemi, 140. löggjafarþing 2011 - 2012, þingskjal nr. 1152 - 717. mál.
- Umsögn um frumvarp til laga um réttarstöðu einstaklinga með kynáttunavanda, 140. löggjafarþing 2011-2012, þingskjal nr. 1174 - 736. mál
- Umsögn um breytingu á lögum um kosningar til Alþingis og lögum um kosningar til sveitastjórnar (aðstoð við kosningu), 141. löggjafarþing 2012-2013, þingskjal nr. 181 - 180. mál.
- Umsögn um frumvarp til laga um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, 141. löggjafarþing 2012-2013, þingskjal nr. 155 - 155. mál. Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um skráð trúfélög, nr. 108/1999 með síðari breytingum (lífsskoðunarfélög, aðild barna að skráðum trúfélögum og lífsskoðunarfélögum o.fl.), 141. löggjafarþing 2012 -2013, þingskjal nr. 132 - 132. mál.
- Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um dómstóla, lögum um meðferð sakamála og lögum um meðferð einkamála (endurupptökunefnd), 141. löggjafarþing, þingskjal nr. 12 - 12. mál
- Umsögn um drög að reglugerð um bakgrunnsathuganir og fleira.
- Umsögn um drög að frumvarpi að lögum um fullnustu refsinga.
- Umsögn um tillögu til þingsályktunar um jafnt búsetuform barna sem búa á tveimur heimilum, 141. löggjafarþing 2012-2013, þingskjal nr. 152 - 152. mál.
- Umsögn um tillögu til þingsályktunar um málefni barna og ungmenna með tal- og málþroskaröskun. 141. löggjafarþing 2012-2012, þingskjal nr. 80 - 80. mál.
- Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 95/2000 um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum (hækkun greiðsla og lenging), 141. löggjafarþing 2012-2013, þingskjal nr. 638 - 496. mál.
- Umsögn um tillögu til þingsályktunar um framferði kínverska yfirvalda gagnvart tíbesku þjóðinni, 141. löggjafarþing 2012 - 2013, þingskjal nr. 471 - 395. mál.

Samráðsfundir með stjórnvöldum

Framkvæmdastjóri er fulltrúi Mannréttindaskrifstofu í teymi um málefni innflytjenda, sem er samráðsvettvangur stofnana ríkis og sveitarfélaga, fyrirtækja og frjálsra félagasamtaka sem vinna að málefnum innflytjenda. Hún sat í nefnd um réttindi transfólks, sem skipuð var af velferðarráðherra og vann að gerð frumvarps um réttindi einstaklinga með kynáttunarförum. Framkvæmdastjóri var einnig skipuð í starfshóp um fyrirkomulag réttindagæslu fyrir fatlað fólk. Framkvæmdastjóri sat einnig undirbúningsfundi og tók virkan þátt í fundaröð innanríkisráðuneytisins um mannréttindamál og samráðsfundi um klám og endurskoðun aðgerðaáætlunar ríkisstjórnarinnar gegn mansali.

Ráðstefnur og námskeið

Málþing um innleiðingu og eftirlit Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks

Mannréttindaskrifstofan tók þátt í málþingi um 33. gr. og 4. gr. Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks í Hörpu þann 11. október. Ásamt skrifstofunni stóðu Öryrkjabandalag Íslands, Rannsóknasetur í fötlunarfræðum, innanríkisráðuneytið og velferðarráðuneytið að málstofunni. Samningurinn var undirritaður fyrir hönd íslenska ríkisins árið 2007 og til stendur að innleiða hann hér á landi árið 2013.

Námskeið um bann við mismunun:

Í mars hélt MRSÍ námskeið fyrir frjáls félagasamtök, opinberar stofnanir og launþegahreyfingar í Háskólanum á Akureyri þar sem fjallað var meðal annars um hlutverk þeirra í baráttu gegn mismunun á grundvelli ESB tilskipana er banna

mismunun vegna kynþáttar, þjóðernis, aldurs, fötlunar, kynhneigðar og trúar eða annarra lífsskoðana. Námskeiðið er hluti Evrópuverkefnisins Námskeið um jafnrétti og bann við mismunun fyrir frjáls félagasamtök – VT/2010/007. Verkefnið er unnið í 32 Evrópulöndum (aðildarríkjum ESB, EES/EFTA, Liechtenstein, Noregi og Íslandi), ríkjum sem sótt hafa um aðild að ESB (Tyrklandi, Makedóníu og Króatíu) og Serbíu sem tilvonandi umsóknarríki. Framkvæmdastjóri Mannréttindaskrifstofunnar sótti svo lokaráðstefnu um verkefnið í Brussel í apríl.

Markmið verkefnisins er að styrkja starf félagasamtaka sem vinna að jafnréttismálum með því að þróa fyrir þau sérstakt kennslufni og halda námskeið um jafnrétti og bann við mismunun í öllum þátttökulöndunum. Lokaútgáfa handbókar fyrir frjáls félagasamtök liggur nú fyrir á ensku og íslensku (íslenska: http://www.humanrights.is/media/greinar/IS_Training-Manual-2013.pdf, enska: <http://www.humanrights.is/media/greinar/2012---TM-final---approved-by-EC-28-11-2012-with-tc---EN.pdf>).

Framkvæmdastjóri á árlega AHRI/ COST ráðstefnu

Hin árlega ráðstefna AHRI (samtök Evrópskra mannréttindastofnanna) og COST (rammaáætlun fyrir samvinnu í Evrópu á sviði vísinda og tækni) fór fram í september og sótti framkvæmdastjóri Mannréttindaskrifstofu hana í Vínarborg. Ráðstefnan bar yfirskriftina „The Role of the EU in UN Human Rights reform.“ Vinnuhópar tengdir viðfangsefninu skiluðu frá sér niðurstöðum og doktorsnemar kynntu verkefni sín á sviði mannréttinda. Enn fremur var árlegur fundur AHRI haldinn sem og fundur norrænu mannréttindastofnananna.

Framkvæmdastjóri sótti ráðstefnu AHRI og COST í Vínarborg í september sem bar yfirskriftina „The Role of the EU in UN Human Rights reform.“





MRSÍ hélt utan um fund í með Thomas Hammarberg, mannréttindafulltrúa Evrópuráðsins þann 8. febrúar. Þar fengu fulltrúar ýmissa hagsmunasamtaka að segja frá baráttumálum sínum og koma athugasemdum til mannréttindafulltrúans

Fyrirlestur á mannréttindanámskeiði Samfés og ECYC Í lok júlí fór verkefnastjóri Mannréttindaskrifstofu á Minni Borgir og hélt fyrirlestur um störf og verkefni MRSÍ fyrir um 30 starfsmenn félagsmiðstöðva frá ýmsum löndum. Fyrirlesturinn var liður í vikulöngu námskeiði sem Samfés hélt utan um en var á vegum ECYC sem eru Evrópusamtök félagsmiðstöðva. Þema námskeiðsins var *mannréttindi í allri sinni mynd* og sköpuðust líflugar umræður í lok fyrirlestrarins en þátttakendur komu frá mismunandi löndum þar sem staða mannréttinda er gjörólík því sem Íslendingar eiga að venjast.

Framkvæmdastjóri til Genfar og Búdapest

Framkvæmdastjóri hélt til Genfar í nóvember vegna fyrirtöku Íslands hjá nefnd sem starfar samkvæmt alþjóðasamningi um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi. Í framhaldi fór hún til Búdapest til að taka þátt í fundi vegna verkefnisins „Enhancing Legal Literacy Network“ og sitja ráðstefnu um hatursáróður. Ráðstefnan var styrkt af Próunarsjóði EFTA en MRSÍ hefur tekið að sér að vera tengiliður Íslands við þau ríki sem hljóta styrk úr sjóðnum, með það að markmiði að finna hinum ýmsu styrktarverkefnum samstarfsaðila við hæfi hér á landi. Framkvæmdastjóri fundaði einnig með skipuleggjendum í Búdapest til að ákvarða betur fyrirkomulag samstarfsins.

Fundir og viðburðir

Fundur með mannréttindafulltrúa Evrópuráðsins

Thomas Hammarberg, mannréttindafulltrúi Evrópuráðsins, heimsótti Ísland í febrúar. Hann fundaði með stjórnvöldum,

ýmsum stofnunum og félagasamtökum og gaf í framhaldinu út skýrslu þar sem ábendingum er komið á framfæri við stjórnvöld. Mannréttindaskrifstofan hélt utan um fund með mannréttindafulltrúanum og frjálsum félagasamtökum sem haldinn var 8. febrúar í Þjóðmenningarhúsinu. Þar fengu fulltrúar hagsmunasamtaka að segja frá baráttumálum sínum og koma athugasemdum til mannréttindafulltrúans.

Heimsókn frá sjálfbóðaliðum í Worldwide Friends

Sjálfbóðaliðasamtökin *Veraldarvinir* eða *Worldwide Friends* heimsóttu skrifstofuna í byrjun apríl þar sem 20 sjálfbóðaliðar víðs vegar að úr heiminum heimsóttu landið í tvær vikur og fræddust um mannréttindi á Íslandi. Hópurinn kom í kynningu um starf Mannréttindaskrifstofunnar og höfðu þau margar spurningar um stöðu mannréttindamála hér á landi.

Hádegisfyrirlestur með mannréttindafrömuðinum David Vareba

Þann 18. maí flutti nígeríski mannréttindafrömuðurinn David Vareba fyrirlestur í Öskju. Var fyrirlesturinn haldinn á vegum Íslandsdeildar Amnesty International, MRSÍ, Verkfræði- og Náttúruvísindasviðs Háskóla Íslands og Framtíðarlandsins. Framkvæmdastjóri MRSÍ var fundarstjóri.

David fjallaði um áhrif olíumengunar Shell á mannréttindi og lífsviðurværi íbúa óseyra-Nígerfljóts og „hvernig stórfyrirtæki eins og Shell bregðast ábyrgðarskyldu sinni þegar kemur að verndun mannréttinda“, og hvernig umhverfisspjöllin hafa komið einna verst niður á konum.

Grundtvig fundir í London, Aþenu og Búdapest

MRSÍ er þátttakandi í Grundtvigt samstarfsverkefni „Enhancing

Legal Literacy Network.“ Markmið þess er að auka skilning einstaklinga á löggjöf bæði innlendri sem og alþjóðlegum samningum til þess að gera þeim kleift að átta sig á lagalegri stöðu sinni og gera þeim auðveldara fyrir að leita réttar síns. Verkefnið felst í heimsóknum samstarfsaðila hvers til annars þar sem þeir miðla af reynslu sinni og þekkingu á fullorðinsfræðslu. Verkefnið stendur yfir í tvö ár og er áætlað að því ljúki í september 2013.

Í apríl 2012 fóru fulltrúar MRSÍ til London á fund með samstarfsaðilum Grundtvig þar sem lögð var áhersla á fræðslu almennings í því að leita réttars síns en fundurinn var haldinn á vegum Law for Life stofnunarinnar sem er starfrækt í London. Þriðji fundur Grundtvig verkefnisins var svo haldinn í byrjun júní í Aþenu, höfuðborg Grikklands en þar var haldin ráðstefna um samkynhneigða foreldra og tóku fundarmenn einnig þátt í Gay Pride í Aþenu.

Hér að framan hefur verið sagt frá fundinum sem haldinn var í Búdapest í nóvember, en þar var fundarmönnum kynnt starfsemi NANE, sem eru sjálfbóðasamtök sem aðstoða konur í ofbeldissamböndum. Tóku fundarmenn einnig þátt í „Silent Witness March“, sem er árleg ganga til að minnst þeirra ungversku kvenna sem látið hafa lífið fyrir hendi maka sinna, sambýlismanna og unnusta á árinu, en það er um það bil ein kona á viku.

Fundur um málefni útlendinga – fundaröð innanríkisráðuneytisins um mótun landsáætlunar í mannréttindamálum

Framkvæmdastjóri MRSÍ sat í pallborði á fundi innanríkisráðuneytis um málefni útlendinga sem haldinn var 30. maí. Á fundinum var efni skýrslu, sem unnin var af nefnd

um stöðu innflytjenda frá löndum utan EES, kynnt og viðbragða þátttakenda í pallborði leitað. Ýmis áhugaverð sjónarmið og upplýsingar komu fram á fundinum.

Ferð til Genfar vegna fyrirtöku Íslands hjá Mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna


Í júlí var framkvæmdastjóri viðstaddur fyrirtöku Íslands hjá Mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna, en nefndin hefur eftirlit með framkvæmd alþjóðasamnings Sameinuðu þjóðanna um borgaraleg og stjórn málaaleg réttindi í aðildarríkjum. Ávarpaði framkvæmdastjóri nefndina og sat lokaðan fund með nokkrum nefndarmanna sem spurðu ítarlegra spurninga út frá skuggaskýrslu MRSÍ. Lokaathugasemdir nefndarinnar lutu enda að mörgum þeirra atriða sem bent var á í skýrslunni.

Fundur í innanríkisráðuneytinu um mansalsmál

16.ágústsatframkvæmdastjóriMRSÍfundíinnanríkisráðuneyti um mansalsmál. Voru þar saman komnir ýmsir aðilar sem að mansalsmálum koma, það er Útlendingastofnun, Ríkislögreglustjóri, Lögreglustjórinn á Höfuðborgarsvæðinu, Stígamót og fleiri. Kynnt var vinna við umbætur í mansalsmálum og endurskoðun aðgerðaáætlunar gegn mansali. Var viðbragða fundarmanna og tillagna leitað auk þess sem þess var óskað að fundarmenn fylltu út spurningalista varðandi meðal annars hvernig haga mætti aðkomu hvernar stofnunar/ aðila að mansalsmálum út frá forvarnarstarfi, vernd fórnarlamba mansals, saksókn mansalsmála og samstarfi og samhæfingu.



Þátttakendur á ráðstefnu Grundtvig í Aþenu sem fjallaði um samkynhneigða foreldra.



Merki Evrópuvikkunnar var í ár hannað af Sigríði Huldu Sigurðardóttur. Merkið var prentað á boli og bæklinga.

Fundur innanríkisráðuneytis um hatursáróður

Framkvæmdastjóri MRSÍ flutti framsöguerindi á fundi innanríkisráðuneytisins um hatursáróður, en fundurinn var hluti af fundaröð innanríkisráðuneytisins um mótun landsáætlunar í mannréttindamálum. Aðrir framsögumenn voru Björg Thorarensen prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, Logi Kjartansson, lögfræðingur hjá stjórnvöldum Ríkislögreglustjóra, og Íris Ellenberger sagnfræðingur. Fulltrúar þingmanna sem eiga sæti í allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis tóku þátt í pallborðsumræðum. Í framhaldi af erindinum sköpuðust meðal annars umræður um athugasemdir ECRI, nefndar Evrópuráðsins gegn kynþáttafordómum, um að stjórnvöld skyldu beina því til Bláðamannafélagsins að setja ákvæði í siðareglur félagsins um hvort og þá hvernig greina skuli frá þjóðerni einstaklinga í tengslum við fjölmiðlaumfjöllun.

Fundur um stofnun sjálfstæðrar mannréttindastofnunar á Íslandi

Innanríkisráðuneytið stóð fyrir opnum morgunverðarfundi 4. október sem fjallaði um hvort stofna ætti sjálfstæða mannréttindastofnun á Íslandi. Fundurinn var hluti af fundaröð innanríkisráðuneytisins um mótun landsáætlunar í mannréttindamálum. Samhljómur var um mikilvægi þess að koma slíkri stofnun á fót hér á landi. Stofnuninni væri ætlað að starfa samkvæmt Parísarreglum Sameinuðu þjóðanna um sjálfstæðar, innlendar mannréttindastofnanir og hlutverk hennar yrði að hafa yfirsýn yfir og eftirlit með mannréttindum á Íslandi, veita stjórnvöldum ráðgjöf varðandi eflingu og vernd mannréttinda og að stuðla að því

að löggjöf og stjórnvöld séu í samræmi við alþjóðlega mannréttindasamninga ásamt ýmsum öðrum verkefnum.

Framkvæmdastjóri á fundi norrænna mannréttindastofnana

Framkvæmdastjóri MRSÍ fór til Noregs í janúar og október á fundi framkvæmdastjóra Norrænna mannréttindastofnana. Í kjölfar fundarins í október fagnaði Norska mannréttindaskrifstofan 25 ára afmæli. Á fundunum var meðal annars staða norrænna mannréttindastofnana rædd, einkum fyrirhugaðar breytingar á norsku mannréttindastofnuninni. Skipaður hefur verið vinnuhópur af norskum stjórnvöldum til að ræða og gera tillögur um framtíð stofnunarinnar.

Samráðsfundur um klám í mennta- og menningarmálaráðuneyti

Framkvæmdastjóri MRSÍ sat tvo samráðsfundi um klám út frá lagalegu, heilbrigðislegu og samfélagslegu sjónarhorni í mennta- og menningarmálaráðuneyti. Auk framkvæmdastjóra sátu fundinn meðal annarra fulltrúar frá lögreglu, Jafnréttisstofu, Lagadeild HÍ, velferðarráðuneyti, innanríkisráðuneyti, Barnaverndarstofu, Stígamótum og Kvennaathvarfi.

Evrópuvika gegn kynþáttamisrétti

Evrópuvika gegn kynþáttamisrétti var haldin frá 17. til 25. mars. Evrópuvikan er haldin á þessum tíma ár hvert vegna 21. mars sem er alþjóðdagur gegn kynþáttamisrétti.

MRSÍ heldur utan Evrópuviku á hvert og samstarfsaðilar 2012 voru Þjóðkirkjan, Rauði kross Íslands, ÍTR, Félag ungra jafnréttisinnna og Jafnréttisnefnd SHÍ. Evrópuvikan

byrjaði með hönnunarsamkeppni um merki Evrópuvikkunnar sem var haldin að þessu sinni í samstarfi við Listaháskóla Íslands. Sigurvegari hönnunarsamkeppninnar var Sigríður Hulda Sigurðardóttir. Margar flottar tillögur bárust en merki Sigríðar þótti bera af og hafa bestu skírskotunina í slagorð Evrópuvikkunnar í ár. Framkvæmdastjóri Mannréttindaskrifstofu veitti Sigríði viðurkenningaskjal á alþjóðadegi gegn kynþáttamisrétti. Föstudaginn 23. mars hélt svo jafnréttisnefnd SHÍ hádegistónleika með Retro Stefson á háskólatorgi Háskóla Íslands í samstarfi við MRSÍ. Nefndarmeðlimir og starfskonur Mannréttindaskrifstofu dreifðu bæklingum með fræðslufni um kynþáttafordóma og kynþáttamisrétti til nemenda og gesta Háskólatorgs. Mikil stemning myndaðist þar sem ungir sem aldnir dilluðu sér og dönsuðu kynþáttafordóma í burtu. MRSÍ hélt svo utan um vitundarvakningarviðburð í Smáralind á föstudagseftirmiðdag þar sem hundrað ungmenni á aldrinum 13-19 ára frá RKÍ, félagsmiðstöðvum Reykjavíkurborgar og Þjóðkirkjunnar dreifðu bæklingum um kynþáttafordóma og kynþáttamisrétti og fræddu fólk um málefnið. Ýmislegt annað var í boði eins og að taka þátt í lukkuhjóli, setja mark sitt á listaverk, leika sér í Mannréttinda-Twisterspili og skoða ljósmyndir frá Pólska Ljósmyndarafélaginu á Íslandi. Rithöfundurinn og grínistinn Sóli Hólm kynnti svo fjögur bráðskemmtileg skemmtiatriði fyrir krökkunum og gestum Smáralindar sem öll voru ánægð með danshópin ICE Step, Melkorku Rós Hjartardóttur sigurvegara Söngkeppni Samfés 2012, stúlknahljómsveitina Að Eilífu

Einar og dansarana Emmanuel og Sudip. Mikill áhugi var á upptakomunni hjá gestum Smáralindar sem mörg hver fengu boli merkta Evrópuvikkunni og fræddust um hversu mikilvægt það er að útrýma kynþáttafordómum og -misrétti.

Félag ungra jafnréttissinna hélt opinn fræðslufund í tengslum við Evrópuvikkuna í Hinu Húsinu. Erla Bolladóttir frá Alþjóðasetri fræddi fólk um stöðu innflytjenda og fólks af erlendum uppruna á Íslandi og sagði einnig frá verkefnum Alþjóðaseturs.

16 daga átak gegn kynbundnu ofbeldi

MRSÍ tók þátt í skipulagningu 16 daga átaks gegn kynbundnu ofbeldi líkt og undanfarin ár. Átakið er haldið ár hvert dagana 25. nóvember til 10. desember. Hér á Íslandi var sjónum beint að heimilisofbeldi og yfirskriftin var heimilisfriður – heimsfriður líkt og var árið á undan. Auk MRSÍ voru skipuleggjendur að þessu sinni UN Women, Jafnréttisstofa, Jafnréttishús, Stígamót, Samtök um kvennaathvarf, Kvenfélagasamband Íslands, Kvenréttindafélag Íslands, Neyðarmóttaka fyrir þolendur kynferðisofbeldis og Kynferðisafbrotadeild lögreglunnar.

Ýmsir viðburðir voru haldnir fyrir almenning á dögum átaksins, þar má nefna hina árlegu ljósagöngu, kvikmyndasýningar, málþing, afmælishátíð Kvennaathvarfsins, ljóðaupplestur og bréfamaraþon. Einnig buðu MRSÍ og Kynferðisbrotadeild lögreglunnar 10. bekkjum grunnskóla upp á fyrirlestra. MRSÍ skilgreindi og útskýrði hugtakið kynbundið ofbeldi og Kynferðisbrotadeildin sagði frá starfsemi sinni við góðar



Aðalviðburður Evrópuvikkunnar var í Kringlunni en þar söfnuðust ungmenni saman, horfðu á skemmtiatriði og dreifðu bæklingum með upplýsingum um kynþáttamisrétti.

undirtektir nemenda. Margir skólar svöruðu boðinu og vilji er til að endurtaka leikinn að ári.

Könnun um viðhorf til mismununar

Í september endurtók MRSÍ könnun sem fyrst var gerð árið 2009 í samstarfi við velferðarráðuneytið (þá félags- og tryggingamálaráðuneyti). Könnunin snýst um að kanna viðhorf til ýmissa þjóðfélagshópa sem hætt er við að sæti mismunun en hún var styrkt af PROGRESS áætlun ESB og framkvæmd af Capacent Gallup. Könnunin greindi mismunun út frá sex forsendum. Það eru kynferði, fötlun, kynhneigð, trú, aldur og uppruni/kynþáttur. Athugað var hvort viðhorf almennings til framangreindra hópa hafi breyst á þessum þremur árum.

Spurningar voru unnar með hliðsjón af Eurobarometer könnun Evrópusambandsins, Discrimination in the European Union, og því er könnunin samanburðarhæf í ríkjum ESB. Niðurstöðurnar sýndu ekki marktækar breytingar frá 2009.

Auglýsingaherferð gegn mismunun

Í október setti MRSÍ útvarpsauglýsingaherferð á fót sem styrkt var af PROGRESS áætlun Evrópusambandsins. Auglýsingunum var ætlað að vekja fólk til umhugsunar um mismunun. Voru auglýsingarnar með öðru sniði en undanfarin ár. Í þeim mátti heyra yfirmenn vinnustaða beita starfsfólk sitt misrétti vegna kynþáttar, kynhneigðar og fötlunar. Auglýsingarnar voru lesnar í útvarpsmiðlum í október og nóvember. Auglýsingarnar voru tilnefndar til „Lúðursins“- hinna árlegu íslensku auglýsingaverðlauna, en hlutu hann ekki að þessu sinni.

Önnur samstarfsverkefni

Alþjóðadagur flóttamanna

Í tilefni af alþjóðadegi flóttamanna þann 20. júní hélt Alþjóðasetur opinn fund í samstarfi við MRSÍ og Rauða Kross Íslands. Erindi héldu Leifur Runólfsson lögmaður hælisleitenda, Atli Viðar Thorstensen frá Rauða krossi Íslands og Hrefna Dögg Gunnarsdóttir frá

Innanríkisráðuneytinu. Fundurinn var vel sóttur af hælisleitendum og áhugafólki um málefni flóttamanna. Framkvæmdastjóri MRSÍ var fundarstjóri og stjórnaði umræðum í lok fundar.

Alþjóðabaráttudagur kvenna fyrir friði og jafnrétti

Þann 8. mars var alþjóðabaráttudagur kvenna fyrir friði og jafnrétti haldinn hátíðlegur í Iðnó. MRSÍ kom að skipulagningu dagskrárinnar en Menningar – og friðarsamtök íslenskra kvenna eru aðalskipuleggjendur árlegs viðburðar í tengslum við daginn. Að þessu sinni var yfirskrift viðburðarins Vorið kallar. Á viðburðinum voru áhugaverð erindi flutt um ýmis málefni, til dæmis menntun kvenna af erlendum uppruna á Íslandi, baráttu kvenna í arabíska vorinu, vændi og Kristínarhús. Magga Stína söng fyrir gesti í lok ræðuhalda.

Allar heimsins konur

Mannréttindaskrifstofan tekur þátt í verkefnum hóps sem kallast Allar heimsins konur. Hópurinn samanstendur af konum frá ýmsum stofnunum og samtökum og vinnur að því að miðla upplýsingum og þekkingu á stöðu erlendra kvenna í íslensku samfélagi og að auka gagnkvæma aðlögun. Í hópnum sitja m.a. fulltrúar frá Stígamótum, Kvennaathvarfinu, Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða, Verkalýðshreyfingunni og Samtökum kvenna af erlendum uppruna (W.O.M.E.N).

Samstarfshópur varðandi réttarstöðu örorkulífeyrisþega sem búið hafa erlendis um endurhæfingarlífeyri o.fl.

MRSÍ, Öryrkjabandalags Íslands, réttindagæslumaður fatlaðra í Reykjavík og Seltjarnarnesi, Halló Norðurlönd og Samband sveitarfélaga skipa starfshóp um búsetuskerðingar. Örorkugreiðslur almannatrygginga eru skertar vegna búsetu erlendis á einhverju tímabili starfsævinnar og einnig geta einstaklingar, sem búsettir hafa verið erlendis, lent í þeirri stöðu að fá eingöngu skertan endurhæfingarlífeyri á Íslandi og engar greiðslur erlendis frá þar sem endurhæfingarlífeyrir er ekki greiddur úr landi. Hlutverk samstarfshópsins er að leita úrbóta og vekja athygli á stöðu þessarra einstaklinga.

Framlag til funda og málstofa

Óskað var eftir að framkvæmdastjóri sæi um fundarstjórn á ýmsum fundum á árinu.

- Fundur um málefni hælisleitenda sem haldinn var af Alþjóðasetri, Rauða Krossi Íslands og MRSÍ í tengslum við Alþjóðadag flóttamanna.
- Fundur um trúfrelsi sem haldinn var í tengslum við fundaröð innanríkisráðuneytisins um mannréttindamál.
- Fundur 18. maí með mannréttindafrömuðinum David Vareba. Að fundinum stóðu MRSÍ, Íslandsdeild Amnesty International, Verkfræði- og Náttúruvísindasvið Háskóla Íslands og Framtíðarlandið.

Mannréttindafræðsla

Mannréttindaskrifstofan sinnti ýmis konar fræðslu um mannréttindi svo sem verið hefur. Meðal annars voru haldnir fyrirlestrar fyrir nemendur í félagsráðgjöf sem sóttu skrifstofuna heim. Einnig var haldinn fyrirlestur um innflytjendamál og mannréttindi fyrir þátttakendur í jafningjafræðslunámskeiðum W.O.M.E.N. Auk þessa var haldinn fjöldi námskeiða um mismununartilskipanir ESB og lagaumhverfið á Íslandi, fyrir ýmis félagasamtök og stofnanir. Voru námskeiðin styrkt af PROGRESS áætlun ESB.

Mannréttindakennsluefni

Vefleikurinn Against all Odds - Flótti

Rannsóknir sýna að vaxandi fordóma gætir hjá ungu fólki gagnvart flóttamönnum, hælisleitendum og útlendingum almennt, og því er brýnt að ungmenni fái fræðslu um hvað felist í því að fá stöðu flóttamanns, aðra menningarheima og þær aðstæður sem fólk er helst að flýja í heimalandinu.

Mannréttindaskrifstofan og Rauði kross Íslands, í samstarfi við Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna, létu þýða vefleikinn Against All Odds árið 2007, en hann hefur nú verið þýddur á fjölda tungumála. Leikurinn hefur hvarvetna vakið mikla athygli en t.d. spiluðu meira en 45.000 manns hann fyrstu tvær vikurnar eftir að þýskri útgáfu hans var hleypt af stokkunum. Leikurinn, sem fengið hefur nafnið Flótti á íslensku, er ætlaður ungmönnum á aldrinum 13–16 ára og veitir þeim sýn inn í veruleika flóttamanna og þá lífsbaráttu sem þeir þurfa að heyja í heimalandi sínu, á flóttu og við að aðlagast nýju samfélagi. Leikurinn er því ekki einungis gagnlegur til fræðslu um flóttamenn heldur einnig í almennri mannréttinda- og fjölmeningarkennslu.

Flótti er skipt í þrjá hluta. Í fyrsta hluta setur leikmaðurinn sig í spor flóttamannsins með því að spila gagnvirkan tölvuleik. Í öðrum hluta er hægt að skoða fróðleg viðtöl og greinar um mannréttindi og málefni tengd flóttamönnum. Þriðji hlutinn er kennarahandbók þar sem má nálgast verkefni tengd

Aðgang að vefleiknum Flótti má finna á heimasíðu Mannréttindaskrifstofu Íslands.





RÉTTINDI TRANSGENDER FÓLKS Á ÍSLANDI

Mannréttindaskrifstofa gaf út skýrsluna *Réttindi Transgender fólks á Íslandi* í lok apríl. Skýrslan byggist á rannsókn sem hófst árið 2007, en hún var uppfærð og gefin út á árinu.

leiknum. Í lok leiksins getur leikmaðurinn síðan prófað vitneskju sína með því að taka stutt þekkingarpróf.

Samanburðarrannsókn á fyrirkomulagi forsjár eftir uppruna foreldra

MRSÍ og Fjölmenningssetur fengu styrk frá Velferðarráðuneyti til að rannsaka tilhögun forsjár við skilnað ef annað foreldrið er af erlendum uppruna. Rannsóknin var unnin veturinn 2011-2012 og starfsmaður Fjölmenningsseturs, Ari Klængur Jónsson, sá um tölfræðilega úrvinnslu og skýrsluskrif. Niðurstöður voru kynntar í nóvember og sýndu þær meðal annars að ótvírætt samband er á milli uppruna barns og forsjárfyrirkomulags þess, en fyrst og fremst er það uppruni foreldris sem stýrir sambandinu.

Réttarstaða transgender fólks á Íslandi

Rit númer níu í Ritroð Mannréttindaskrifstofunnar kom út í lok apríl en það er skýrsla sem fjallar um réttindi transgender fólks á Íslandi. Sandra Lyngdorf, Kolbrún Birna Árdal, Erna Sif Jónsdóttir og Guðrún Dögg Guðmundsdóttir, fyrrverandi framkvæmdastjóri MRSÍ, hófu rannsókn á réttarstöðu transgender fólks á Íslandi árið 2007.

Velferðarráðuneytið veitti MRSÍ styrk til útgáfu og frágang skýrslunnar og sá Jóna Aðalheiður Pálmadóttir lögfræðingur um að uppfæra skýrsluna. Tilgangur skýrslunnar er einkum að kanna réttarstöðu transgender fólks á Íslandi með það að markmiði að koma með tillögur að úrbótum í málaflokknum. Löggjöf í nágrannalöndum okkar og dómaframkvæmd

mannréttindadómstóls Evrópu er lögð til grundvallar ásamt upplýsingum frá samtökum transgender fólks og öðrum sérfræðingum. Er það von Mannréttindaskrifstofunnar að skýrslan nýtist til að tryggja friðhelgi einkalífs og mannvirðingu alls transgender fólks á Íslandi.

Bókina má nálgast á skrifstofunni okkar og á heimasíðunni.

Fjölmiðlar og opinber umræða

Að venju leituðu fjölmiðlar talsvert til Mannréttindaskrifstofu vegna mannréttindamála og framkvæmdastjóri skrifaði greinar í dagblöð til að vekja athygli á mannréttindamálum. Framkvæmdastjóri veitti einnig viðtöl, m.a. um stöðu erlendra kvenna á Íslandi, innflytjenda – og hælisleitenda mál o.fl.

Styrkir til rannsókna og fleira

PROGRESS

Mannréttindaskrifstofan hélt utan um styrkt verkefni PROGRESS-áætlunar ESB fyrir árin 2011-2012 á Íslandi og var það í fjórða sinn sem skrifstofan tekur það að sér. Meginmarkmið áætlunarinnar er að veita fjármagn til verkefna sem stuðla að því að markmiðum Evrópusambandsins á sviði jafnréttis-, félags- og vinnumála, sem tilgreind eru í Lissabon-áætluninni, verði náð.

Velferðarráðuneytið hefur umsjón með PROGRESS

hérlandis. Markmið Lissabon-áætlunarinnar eru að auka samkeppnishæfni evrópsks vinnumarkaðar með áherslu á þekkingariðnað, skapa fleiri og betri störf innan Evrópu og stuðla að samfélagi án mismunar.

Áætlunin skiptist í fimm svið: Atvinnumál, vinnuvernd, stuðning við markmið um félagslega velferð og aukna þátttöku jaðarhópa í samfélagi, jafnrétti kynjanna og aðgerðir sem vinna gegn mismunun og stuðla að samfélagi án aðgreiningar. Markmið verkefnisins er að stuðla að fjölbreytileika samfélagsins í heild með sérstaka áherslu á að vinna gegn mismunun vegna aldurs, kynhneigðar, trúar, uppruna eða kynþáttar og fötlunar. PROGRESS-áætlunin styrkir m.a. rannsóknir, alþjóðleg samstafsverkefni, verkefni sem stuðla að vitundarvakningu í samfélaginu, félagasamtök og stofnanir og fyrirmyndarverkefni. Verkefni PROGRESS stuðla að framkvæmd tveggja tilskipana ESB: 2000/43/EB um jafna meðferð án tillits til kynþáttar eða þjóðernisuppruna og 2000/78/EB þar sem fjallað er um jafna meðferð launþega og starfsmanna. Styrkt verkefni fyrir árið 2012 voru fjölbreytt, t.d. verðlaunasamkeppni um merki Evrópuviku gegn rasisma, fræðsla um mismunun til stofnana og félagasamtaka, útvarpsauglýsingaherferð, aðgerðir á vegum sveitarfélaga til að vinna að gagnkvæmri aðlögun og jafnrétti, ráðstefnur, kannanir, jafningjafræðsla og skýrslugerð.

Réttarstaða transgender fólks á Íslandi

Eins og áður segir hófu Sandra Lyngdorf, Kolbrún Birna Árdal, Erna Sif Jónsdóttir og Guðrún Dögg Guðmundsdóttir, fyrrverandi framkvæmdastjóri MRSÍ, rannsókn á réttarstöðu transgender fólks á Íslandi árið 2007. Rannsókninni var ætlað að greina hvaða örðugleika transgender fólk glímur við á Íslandi og koma með

tillögur að umbótum, einkum hvað varðar löggjöf. Velferðarráðuneytið veitti MRSÍ styrk til útgáfu og frágang skýrslunnar og sá Jóna Aðalheiður Pálmadóttir lögfræðingur um að uppfæra skýrsluna sem kom á út fyrri hluta ársins 2012.

Grundtvig-Enhancing Legal Literacy Network

Mannréttindaskrifstofan tekur þátt í Grundtvig verkefni- Enhancing Legal Literacy Network sem miðar að því að stofnanir og samtök, sem vinna að fræðslu fyrir fullorðna til að auka lagalæsi og réttindarvitund kynnist fræðsluverkefnum hvor annarrar og miðli af sinni reynslu af fræðsluverkefnum. Samstarfsaðilar í verkefninu koma frá Þýskalandi, Grikklandi, Póllandi, Ungverjalandi, Bretlandi, Danmörku og Íslandi. Fulltrúar Mannréttindaskrifstofunnar fóru á fundi í London, Aþenu og Búdapest á þessu ári en áætlaðir eru 2-3 fundir árlega, alltaf á nýjum stað. Mannréttindaskrifstofan mun halda fund á Íslandi í tengslum við verkefnið sumarið 2013.

Rannsókn um tilhögun forsjár við skilnað ef annað foreldrið er af erlendum uppruna

Hér að framan var sagt frá samanburðarrannsókn á fyrirkomulagi forsjár eftir uppruna foreldra. Eins og kunnugt er var sú rannsókn styrkt af Velferðarráðuneyti. Ari Klængur Jónsson og Jóna Aðalheiður Pálmadóttir sá um gagnaöflun og úrvinnslu gagna en Ari Klængur sá um tölfræðilega úrvinnslu og skýrsluskrif. Niðurstöður voru kynntar í nóvember 2012.

Styrkur til gerðar skýrslu um hatursáróður

Innanríkisráðuneytið veitti MRSÍ 750 þúsund kr. styrk til gerðar skýrslu um hatursáróður, um lagaumhverfið á Íslandi og í nágrannaríkjunum, stöðuna hér á landi og tillögur til úrbóta.



Samanburðarrannsókn á fyrirkomulagi forsjár eftir uppruna foreldra kom út í nóvember.

ERLENT samstarf

Mannréttindaskrifstofan er meðlimur í samtökum mannréttindastofnana á Norðurlöndum, samtökum mannréttindastofnana í Evrópu (AHRI) og samtökum er berjast fyrir framgangi viðauka við alþjóðasamning um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi þar sem komið verði á kæruleið fyrir einstaklinga. Skrifstofan er meðlimur í UNITED samtökunum er berjast gegn kynþáttamisrétti og einnig í ESC-net sem vinnur að framgangi efnahagslegra, félagslegra og menningarlegra réttinda. Þá er skrifstofan að auki meðlimur í FIDH, alþjóðlegum samtökum er vinna að mannréttindum á breiðum grunni. Skrifstofan er auk þess fulltrúi Íslands í stýrihópi norræns átaks sem ætlað er að bæta stöðu hælisleitenda á Norðurlöndum.

Human Rights Education Project

Mannréttindaskrifstofan heldur úti vefsetri um mannréttindi á ensku sem byggir á efni úr Human Rights Education Project. Í vefsetrinu er að finna fjölbreytt efni um ýmis mannréttindamál: alþjóðlegar mannréttindastofnanir, dóma og úrskurði alþjóðlegra eftirlitsstofnana, efni um réttindi tiltekinna hópa, efni um tengsl mannréttinda og annarra málaflokka, o.fl.

AHRI - The Association of Human Rights Institutes

Hin árlega AHRI - COST ráðstefna fór fram í september og sótti framkvæmdastjóri Mannréttindaskrifstofu hana í Vínarborg. Ráðstefnan bar yfirskriftina „The Role of the EU in UN Human Rights reform. Vinnuhópar

UNITED

racism
fascism
nationalism

fidh
International Federation
for Human Rights

MRSÍ er til dæmis meðlimur UNITED samtakanna sem berjast gegn kynþáttamisrétti og FIDH, alþjóðlegra samtaka sem vinna að mannréttindum á breiðum grunni.

tengdir viðfangsefninu skiluðu frá sér niðurstöðum og doktorsnemar kynntu verkefni sín á sviði mannréttinda. Enn fremur var haldinn hinn árlegi fundur AHRI sem og fundur norrænu mannréttindastofnananna.

Aðsetur AHRI er nú hjá norsku mannréttindastofnuninni í Osló. Formaður er Jonas Christoffersen, frá dönsku mannréttindastofnuninni. Eftirfarandi 43 stofnanir eiga nú aðild að AHRI:

- Belgrade Centre for Human Rights, Serbíu
- Centre for Human Rights, Central European University, Búdapest, Ungverjalandi
- Centre for Human Rights, University of Pretoria, Suður Afríku
- Centre for International Human Rights, Institute of Commonwealth Studies and Human Rights Consortium, School of Advanced Study, University of London, Bretlandi
- Centre for the Study of Global Ethics, University of Birmingham, Bretlandi
- Centre for the Study of Human Rights, London School of Economics and Political Science, Bretlandi
- Chr. Michelsen Institute, Noregi
- Danish Institute for Human Rights, Danmörku
- Erik Castrén Institute of International Law and Human Rights, University of Helsinki, Finnlandi
- European Inter-University Centre for Human Rights and Democratisation, Venice-Lido, Ítalíu
- European Training- and Research Centre for Human Rights and Democracy, Graz, Austurríki
- German Institute for Human Rights, Þýskalandi
- Human Rights and Globalization Research Group, University of Seville, Spáni
- Human Rights and Social Justice Research Institute, London Metropolitan University, Bretlandi
- Human Rights Centre, University of Essex, Bretlandi
- Human Rights Centre, Queen's University, Belfast, Norður Írlandi, Bretlandi
- Human Rights Law Centre, University of Nottingham School of Law, Bretlandi
- Human Rights Observatory / Observatoire des Droits de l'Homme, University of Luxembourg, Lúxemborg
- Human Rights Programme at the University of Sydney, Ástralíu
- Newcastle Forum for Human Rights and Social Justice, Newcastle Law School, University of Newcastle, Bretlandi
- Mannréttindaskrifstofa Íslands, Íslandi
- Mannréttindastofnun Háskóla Íslands, Íslandi
- Institute for Human Rights, Åbo Akademi University, Finnlandi
- Institute of Human Rights, Catholic University of Leuven, Belgíu
- Institute of Human Rights, University of Latvia, Lettlandi
- Institute for Minority Rights, European Academy (EURAC) Bozen, Ítalíu
- Interdepartmental Centre on Human Rights and the Rights of Peoples, University of Padua, Ítalíu
- Irish Centre for Human Rights, National University of Ireland, Galway, Írlandi
- Ludwig Boltzmann Institute of Human Rights, Austurríki
- Maastricht Centre for Human Rights, Maastricht University, Faculty of Law, Hollandi
- Nansen Center for Peace and Dialogue, Norwegian Humanistic Academy, Lillehammer, Noregi
- Netherlands Institute of Human Rights (SIM), University of Utrecht, Hollandi
- Norwegian Centre for Human Rights, University of Oslo, Noregi
- Pedro Arrupe Institute of Human Rights, University of Deusto, Bilbao, Spáni
- Poznan Centre for Human Rights, Polish Academy of Sciences, Póllandi
- Raoul Wallenberg Institute of Human Rights and Humanitarian Law, Svíþjóð
- Swiss Centre of Expertise in Human Rights, Bern, Sviss
- The Research Group Law and Development, University of Antwerpen, Belgíu
- Riga Graduate School of Law, Lettlandi
- Transitional Justice Institute, University of Ulster,

Jordanstown/ Magee, Bretlandi

- University of Zürich Competence Centre for Human Rights, Sviss
- Crucible Centre for Human Rights, Roehampton University, Bretlandi
- Czech Centre for Human Rights and Democratization (CCHR), Tékklandi
- Crucible Centre for Human Rights, Roehampton University, Bretlandi
- Czech Centre for Human Rights and Democratization (CCHR), Tékklandi

Sameinuðu þjóðirnar

Skuggaskýrsla um efnahagsleg, menningarleg og félagsleg réttindi

Í lok apríl sendi MRSÍ ítarlega viðbótarskýrslu til mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna vegna alþjóðasamnings um efnahagsleg, menningarleg og félagsleg réttindi. Í þeirri skýrslu útlístaði MRSÍ m.a. upplýsingar um innleiðingu hérlendis á hinum ýmsu mannréttindum sem samningurinn kveður á um, t.a.m. réttar til heilsu, menntunar og félagslegs öryggis.

Ferð til Genfar vegna fyrirtöku Íslands hjá

Mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna

Í júlí var framkvæmdastjóri viðstödd fyrirtöku Íslands hjá Mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna sem hefur eftirlit með framkvæmd alþjóðasamnings um borgaraleg

og stjórnámálaleg réttindi í aðildarríkjum. MRSÍ skilaði skuggaskýrslu um framfylgd samningsins á Íslandi árið 2011 þar sem meðal annars er bent á hvernig betur mætti standa að efni samningsins. Ávarpaði framkvæmdastjóri nefndina og sat lokaðan fund með nokkrum nefndarmanna sem spurðu ítarlegra spurninga út frá skuggaskýrslu MRSÍ. Lokaathugasemdir nefndarinnar lutu enda að mörgum þeirra atriða sem bent var á í skýrslunni.

Evrópuráðið

Upplýsingaskrifstofa Evrópuráðsins

Mannréttindaskrifstofa Íslands hefur um árabíl séð um að senda Upplýsingaskrifstofu Evrópuráðsins um mannréttindamál skýrslu um dómaframkvæmd og lagasetningu á Íslandi er tengjast Mannréttindasáttmála Evrópu. Þer skrifstofunni að skila árlega úrdráttum úr dómum og lögum er tengjast MSE og er þetta efni birt í árbók upplýsingaskrifstofunnar

Mannréttindafulltrúi Evrópuráðsins til Íslands

Eins og áður hefur komið fram heimsótti Thomas Hammarberg, mannréttindafulltrúi Evrópuráðsins Ísland í febrúar 2012. MRSÍ hélt utan um fund með Hammarberg og frjálsum félagasamböndum á Íslandi sem haldinn var 8. febrúar í Þjóðmenningarhúsinu. Einnig fundaði Hammarberg með stjórnvöldum, ýmsum stofnunum og félagasamtökum og gaf í framhaldinu út skýrslu þar sem ábendingum er komið á framfæri við stjórnvöld.



Heimsókn Pyntinganeftdar Evrópuráðsins til Íslands

Framkvæmdastjóri MRSÍ átti, þann 23. september, fund með fulltrúum Pyntinganeftdar Evrópuráðsins en hún heimsótti Ísland til að kynna sér aðstæður fanga hér á landi. Nefndin gerði fyrst athugasemdir við aðbúnað fanga á Íslandi árið 1993. Hefur nefndin m.a. gert alvarlegar athugasemdir við aðstæður Hegningarhúsinu við Skólavörðustíg en það stenst ekki þær kröfur sem gerðar eru til fangelsa og aðstæður þar hafa ekkert breyst frá síðustu heimsókn nefndarinnar.

Evrópusambandið

Mannréttindaskrifstofa á fulltrúa í COST-verkefninu og Evrópusambandsverkefninu Non-discrimination and diversity training hér á landi, í samvinnu við Migration Policy Group og European Human Consultancy. Verkefnið felur í sér þjálfun fyrir launþegahreyfinguna og félagasamtök til að auka þekkingu þeirra á tilmælum Evrópusambandsins á sviði fjölmenningar og jafnréttis og íslenskri löggjöf gegn mismunun.

Norrænt samstarf

Norræni skólinn í mannréttindarannsóknnum

Norræni skólinn í mannréttindarannsóknnum, sem áður nefndist Norræna rannsóknanetið, var formlega stofnaður í janúar 2002. Skólanum hefur tekist að festa sig vel í sessi undir ötulli forystu Martins Scheinin. Þar á að kortleggja rannsóknir, sem verið er að vinna að á Norðurlöndum á sviði mannréttinda og koma á fjögurra ára þverfaglegu doktorsnámi sem verði skipulega uppbyggt og strangar kröfur gerðar um vísindaleg vinnubrögð. Sérstök áhersla er lögð á norræn sjónarmið og norræn verkefni, en einnig alþjóðleg og þá sérstaklega verkefni sem tengja Norðurlönd umheiminum. MRSÍ er, ásamt níu öðrum félögum, meðeigandi skólans.

Norrænir samráðsfundir um mannréttindamál

Mannréttindaskrifstofan tók þátt í árlegum samráðsfundi norrænna stjórnvalda og mannréttindastofnana og reglulegum samráðsfundum framkvæmdastjóra norrænna mannréttindastofnana. Fundurinn er gjarnan haldinn fyrir fundi mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna en tilgangurinn er að stilla saman strengi fyrir ráðið. Norrænu mannréttindastofnanirnar nýta þessa fundi til að koma áherslumálum sínum á framfæri og reyna að hafa áhrif á og fræðast um stefnumið stjórnvalda í tilteknum mannréttindamálaflokkum. Síðasti fundur var haldinn á sama tíma og AHRI ráðstefnan í Vín sem áður hefur verið greint frá.

Fundur norrænna mannréttindastofnanna í tilefni 25 ára afmælis Norsku mannréttindaskrifstofunnar

Framkvæmdastjóri MRSÍ fór til Noregs þar sem Norska Mannréttindaskrifstofan fagnaði 25 ára afmæli sínu og hélt í kjölfarið fund með framkvæmdastjórum allra mannréttindaskrifstofa á Norðurlöndunum. Á fundinum var meðal annars staða norrænna mannréttindastofnana rædd, einkum fyrirhugaðar breytingar á norsku mannréttindastofnuninni. Háskólinn í Osló hefur óskað eftir því að skrifstofan verði ekki í tengslum við háskólann meðal annars með tilliti til rannsóknarhagsmuna. Skipaður hefur verið vinnuhópur af norskum stjórnvöldum til að ræða og gera tillögur um framtíð stofnunarinnar.

